

Fornleifauppgröftur á Kúvíkum í Reykjarfirði

Birna Lárusdóttir



með umfjöllun um gripi eftir Gavin Lucas og Lilju Björk Pálsdóttur

Fornleifastofnun Íslands
FS262-04201
Reykjavík 2004



© Fornleifastofnun Íslands 2004
Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is
Heimasíða: www.instarch.is

Efnisyfirlit

I. INNGANGUR.....	4
II. KÚVÍKUR Í RITUÐUM HEIMILDUM	4
III. RANNSÓKNIR 2004	12
III.1 Skurður I.....	12
III.2 Skurður II	18
IV. THE FINDS	21
V. NIÐURSTÖÐUR	24

Forsíðumyndin er loftmynd af Kúvíkum frá Loftmyndum ehf.

I. Inngangur

Í ágúst 2004 fór fram fornleifauppgröftur á öskuhaug á Kúvíkum, gömlum verslunarstað í Reykjarfirði í Árneshreppi á Ströndum. Sumarið áður höfðu starfsmenn Fornleifastofnunar Íslands farið á staðinn til að kortleggja minjar vegna aðalskráningar fornleifa í Árneshreppi. Kom þá í ljós að öskuhaugurinn var mikið rofinn á annarri langhlið, aðallega vegna ágangs sauðfjár sem leitar þar skjóls. Nauðsynlegt þótti því að leita leiða til að kanna varðveislu haugsins, samsetningu hans og aldur áður en hann skemmdist enn frekar. Á vormisseri 2004 hlaut Fornleifastofnun styrk úr Fornleifasjóði til að grafa könnunarskurð í hauginn.

Verkið var unnið dagana 2.-6. ágúst. Stjórnandi uppgraftarins var dr. Gavin Lucas en aðrir starfsmenn Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Kate Krivogorskaya frá Hunter College, New York. Leifur A. Símonarson, jarðfræðingur, greindi kolasýni úr uppgræftinum og eru honum færðar innilegar þakkir fyrir aðstoðina.

II. Kúvíkur í rituðum heimildum

Kúvíkur er heiti á litlum víkum sunnantil í Reykjarfirði miðjum, norðan undir svonefndum Illviðrishnjúk. Samkvæmt munnmælasögn bjó gömul einsetukona á svonefndum Sætrum,



Gengið að Kúvíkum, horft til norðurs yfir Reykjarfjörð. Vel má sjá móta fyrir tröðum í túninu.

norðan megin í firðinum og hér um bil gegnt Kúvíkum. Átti hún eina kú. Dag nokkurn féll snjóflóð á bæinn og við það sópaðist allt út á sjó, þar með talið konan og kýrin. Kúna á að hafa rekið yfir fjörðinn og nafnið á víkunum talið dregið af því að hana hafi rekið að landi í Kúvíkum.¹ Upp af víkunum er grösugur hvammur í halla

mót norðri og markast hann af Búðará að vestanverðu en klettabelti að sunnan og austan sem smáhækkar í austurátt. Hvammurinn er líklega einn allra búsældarlegasti staðurinn í sunnanverðum Reykjarfirði. Ofan við hann skiptast hins vegar á hrjóstrugar klappir, melholt

¹ Örnefnalýsing Kúvíkna, 1-2.

og dálítill sund á milli með mýrlendi þar sem mór var tekinn, a.m.k. í seinni tíð.

Í hvamminum var settur á fót verslunarstaður þegar einokun komst á 1602. Var þar rekinn búskapur jafnhliða verslun eftir að kaupmenn fóru að hafa þar fasta búsetu eftir að einokun var aflétt 1787. Búið var á Kúvíkum allt til 1949 en þá fluttist byggðin



Horft yfir aðalrústasvæðið til norðvesturs. Í forgrunni eru beðasléttur, merktar I. á korti og fast við þær leifar af íbúðarhúsi Jakobs Thorarensens. Aðeins fjær, vinstra megin við miðja mynd, sést öskuhaugurinn.

að miklu leyti innar í fjörðinn, á Djúpuvík, en þar hafði verið síldarsöltun frá 1917 og ein fullkonnasta síldarverksmiðja í Evrópu reis þar milli 1930 og 1940. Fátt er vitað um verslun á staðnum í fyrstu og ekki ljóst hvort þar hefur verið byggð eða einhver mannvirki fyrir 1602. Á Kúvíkur munu selstöðukaupmenn hafa siglt og einungis haft skamma viðdvöl. Eina hugsanlega vísbendingin um þetta tímabil er heiti árinna sem rennur vestan við staðinn, *Búðará*. Bendir það til að húsakostur hafi enginn verið heldur hafi menn hafst við í búðum eða tjöldum þann tíma sem verslunin stóð yfir ár hvert. Engar sjáanlegar rústir eru í námunda við ána, bara austar í hvamminum. Eftir að einokun komst á voru aðeins tveir verslunarstaðir við Húnaflóa, Kúvíkur og Höfðakaupstaður á Skagaströnd. Munu hafnirnar hafa verið leigðar kaupmanni saman og var þá litið á Kúvíkur sem eins konar úthöfn sem var oft látin mæta afgangi. Stundum var alls ekkert siglt í Reykjarfjörð, t.d. árin 1713-1719 og 1728-1731. Það mun hafa verið bagalegt fyrir íbúana sem ekki gátu losnað við framleiðsluvöru sína.² Vandamálið virðist hafa verið til staðar mun fyrr því að árið 1692 var kvartað undan launverslun í firðinum.³ Þó kom fyrir að kaupmenn kæmu til að sækja lýsi en höfðu þá skamma viðdvöl og fóru jafnskjótt aftur án þess að sýna annarri verslunavöru Strandamanna áhuga, s.s. sauðakjöti og prjónlesi. Þetta staðfestir að hagsmunir þeirra dönsku hafi verið í fyrirrúmi fremur en heimamanna þegar verslunarstöðum var valinn staður, lýsið var eftirsótt vara og nærtækast að verslunarstaðurinn risi sem næst framleiðslunni. Sérstaða Kúvíkna fólst einmitt í lýsinu. Höfnum þeim sem komið var á á Íslandi eftir einokun var skipt í *fiskihafnir*

² Jón Aðils 1971, 287-288

³ Jóhannes Jónsson 1969, 39

annars vegar og *sláturhafnir* hins vegar. Tvær undantekningar voru frá þessu, annars vegar á Húsavík, þar sem skipað var út brennisteini í stórum stíl og kallað *brennisteinshöfn*, og hins vegar á Kúvíkum sem voru nefndar *lýsishöfn* í dönskum samtímaheimildum.⁴ Eftirspurn eftir lýsi jókst mjög á evrópskum mörkuðum á 17. og 18. öld, enda var það eftirsótt ljósmeti í hinu sívaxandi borgarsamfélagi.⁵

Víst er að mörgum þótti kaupstaðurinn, sem var sá eini í Strandasýslu fram til 1846, illa staðsettur, enda um langan veg að fara fyrir marga íbúa sunnar í sýslunni og kemur fram í bréfum sem Ormur Daðason, sýslumaður, ritaði 1720-22 að enginn maður úr syðstu þinghánnum í sýslunni hafi séð framan í kaupmanninn á Kúvíkum. Ormur lagði til að verslunarstaðurinn yrði fluttur sunnar í sýsluna en sú hugmynd virðist ekki hafa fengið hljómgrunn hjá kaupmönnum. Ástæðan er ekki alveg ljós en þó gæti verið að hafíshætta innar í firðinum, við Borðeyri, hafi ráðið nokkru.⁶ Árið 1859 lögðu íbúar Strandasýslu fram bænaskrá til Alþingis þar sem farið var fram á að Skeljavík í Steingrímsfirði yrði löggiltur verslunarstaður, enda væru Kúvíkur óhentuglega staðsettar. Nokkrar deilur urðu um málið á þingi en Ásgeir Einarsson á Þingeyrum benti á vesæld verslunarstaðarins á Kúvíkum og að þar væri oftast vöruskortur. Hlaut Skeljavík löggildingu nokkrum árum síðar eða 1863, væntanlega í óþökk kaupmanns á Kúvíkum.⁷

Líklega hefur lýsið ráðið miklu um staðsetningu verslunarstaðarins en annað lykilatriði má ætla að hafi verið góð lending. Það er vandfundin betri lending í firðinum sunnanverðum en í Kúvíkum, enda ganga þar nes fram beggja megin og af loftmyndum má sjá að aðdjúpt er fyrir utan víkurnar og því væntanlega gott skipalægi. Bent hefur verið á að verslun á Kúvíkum hafi vafalítið tengst útgerð frá Gjögri, einkum á hákarl, en um leið og dró úr útgerðinni hafi verslun farið hnignandi.⁸ Ef frá eru taldar heimildir sem tengjast beint einokunarverslun er sárasjaldan minnst á Kúvíkur í heimildum. Í sóknarlýsingu Árneshrepps 1852 segir um staðinn:

Kauptúnið er Kúvíkur eða Reykjarfjarðarverzlunarstaður, og er þar einungis eitt kaupmannssetur, og þó ekki fjölmennt, því nú búa þar ekki nema verzlunarstjórinn (faktorinn) með konu og börnum, og hefur hann engan vinnumann, og í bænum, sem áður er getið um, rétt við kaupstaðinn, býr ekkja faktors Jóns Salómonsens með nokkrum hjúum sínum. Í kaupstaðnum eru 4 timburhús, 2 torfhús lítil, nefnilega fjós og heyhlaða, og eitt steinhús með

⁴ Jón Aðils, 260

⁵ Sami, 489-490

⁶ Sami, 288-289

⁷ Páll Línadal 1982 44-45

⁸ Sami, 379

timburþaki, lítið, og er í því húsi brædd hákallslifur. Engin hús önnur liggja undir kaupstaðinn. Hvergi eru hér hróf handa þilskipum.⁹

Ætla má að meðal timburhúsanna fjögurra hafi verið tvö hús sem stóðu enn uppi framundir miðja 20. öld, þ.e. verslunar- og íbúðarhús beint upp af bryggjunni. Til eru ljósmyndir af þeim ásamt fleiri húsum á staðnum, t.d. í bók Hjálmars Bárðarsonar um Vestfirði og aftan á kápu á riti Hauks Jóhannessonar, *Stundir á Ströndum*.¹⁰ Um hin húsin úr lýsingunni er fátt vitað þótt fjósið gæti hafa verið þar sem enn sést tóft, sjá nánar uppdrátt hér á eftir, tóft B. Steinhúsið, sem lifur var brædd í, er nú óþekkt en það hefur verið eitt af örfáum steinhúsum á Íslandi um miðja 19. öld.¹¹ Athyglisverðast er að bærinn hefur verið rétt við kaupstaðinn, aðskilinn frá honum, en sú var ekki raunin á síðasta skeiði búsetu þegar aðalíbúðarhúsið var fast við verslunarhúsin. Nú sjást engar leifar af gamla bænum en í örnefnalýsingu Kúvíkna er minnst á Bæjarpart „og þar mun gamli bærinn hafa staðið.“¹² Á þeim stað sjást nú alls engar rústir eða önnur ummerki. Í sóknarlýsingunni er þessi bær talinn meðal allra reisulegustu bæja í sókninni „og nota menn hér einungis rekavið til húsabygginga.“¹³ Útskýrir það vafalaust að engin yfirborðummerki skuli sjást í partinum þótt einnig mætti kenna um jarðabótum, en þar sjást nú leifar af beðasléttum. Jón Salómónsen var faktor í Kúvíkum 1821-1846 og er ekkert vitað um hvar bær þeirra kaupmanna sem höfðu verið á undan honum stóðu. Aðeins eitt þeirra húsa sem stóðu á verslunarstaðnum er enn varðveitt, íbúðarhús Carls Jensens, en það var flutt í Kaldbaksvík og stendur þar við þjóðveginn. Það var reist skömmu eftir aldamótin 1900. Gamla verslunarhúsið á Kúvíkum var rífið upp úr 1950 og fannst þá vart í því fúin spýta. Það var talið reist um 1770.¹⁴

Upphaflega tilheyrðu Kúvíkur landi Halldórsstaða sem var hjáleiga frá Kambi, bæ austan undir samnefndu fjalli. Kambur átti land í norðanverðum Veiðileysufirði og inn í Reykjarfjörð, allt að svonefndri Kleifará, töluvert innan við Kúvíkur, og skildi áin milli landa Kjósar og Kambs. Ekki er vitað um byggð á Kúvíkum fyrir tíma verslunar en þess má geta að niðurstöður fornleifaskráningar í Árneshreppi sýna svo ekki verður um villst að byggð af einhverju tagi hefur nær alltaf verið á sambærilegum stöðum, þ.e. þar sem eitthvert undirlendi er við ströndina – og þá spillir lendingin ekki fyrir. Má nefna sem dæmi að byggð hefur verið á tveimur stöðum utar með firðinum þar sem undirlendi er jafnvel minna en á Kúvíkum,

⁹ *Sóknalýsingar Vestfjarða II*, 235-236.

¹⁰ Sjá Hjálmar Bárðarson 1993, bls. 418-419 og Hauk Jóhannesson 2001, bakhlið.

¹¹ Um steinhús á Íslandi sjá Hörð Ágústsson 1998, bls. 271-319.

¹² Ö-Kúvíkur, 5

¹³ *Sóknalýsingar Vestfjarða II*, 235

¹⁴ Haukur Jóhannesson 2001, 18.

annars vegar á Halldórsstöðum og hins vegar á Seli, þar sem umfang rústa bendir til að bær gæti hafa verið um skeið. Engar yfirborðsminjar benda þó til fornrrar búsetu á Kúvíkum og heldur engir gripir eða annað sem í ljós kom við uppgröftinn 2004. Páll Línadal gefur í skyn að verslað hafi verið á Kúvíkum fyrir tíma einokunar „...er vitað að ýmsar erlendar þjóðir, Englendingar, Hollendingar og Þjóðverjar, ráku verzlun bæði í Reykjarfirði og víðar.“¹⁵

Þótt hér hafi verið einblínt á verslunarsögu Kúvíkna má ekki gleyma því að þar var einnig stundaður landbúnaður líkt og á öðrum bæjum. Mikið af minjum í túninu ber þess vitni. Búskapur á staðnum er þó tæplega sambærilegur við venjulega bæi, enda hefur hann verið með öðrum hætti og mjög miðaður við verslun auk hins venjulega heimilishalds. T.a.m. voru engar kindur hafðar að vetrinum nema geldfé, alið til mörsöfnunar. Skömmu eftir aldamótin 1900 var bústofn kaupmanns, Jakobs Thorarensens, 2-3 kýr og 6-8 hross.¹⁶ Af mannvirkjaleifum í Kúvíkurtúni, utan verslunarhúsakjarnans, ber mest á útihúsatóftum sem líklega hafa flestar verið notaðar fram á 20. öld. Bæði eru það fjár- og hesthús en að auki sjást tóftir af naustum og smiðju. Þá vekja athygli gríðarlegar beðasléttur sem bera vott um mikinn framfarahug. Á sumum bæjum í hreppnum finnast leifar af fáeinum sléttum en ekkert viðlíka og á Kúvíkum. Þær eru merkilegar menjar um horfið verklag en engu að síður ber að hafa í huga að þær gætu hafa spillt eldri mannvirkjum í túninu.

Umsvif og metnaður Jakobs Thorarensens eru talin aðalástæða þess að byggð hélst jafn lengi á Kúvíkum og raun ber vitni. Eins og áður er nefnt fékk Skeljavík í Steingrímsfirði verslunarréttindi 1863 og Hólmavík 1890. Norðurfjörður var löggiltur sem verslunarstaður 1899 og þótti liggja vel við ferðum strandferðaskipa og að lokum fékk Gjögur löggildingu árið 1912.¹⁷ Allt þetta, auk uppbyggingar á Djúpuvík, gerði það að verkum að forsendur fyrir verslun á Kúvíkum voru löngu þrotnar áður en staðurinn lagðist endanlega í eyði 1949.


Eins og áður segir voru minjar á Kúvíkum skrásettar og kortlagðar gróflega við fornleifaskráningu sumarið 2003. Á næstu blaðsíðu fylgir uppdráttur sem byggir á þeirri skráningu og loftmynd frá *Loftmyndum ehf.* auk upptalningar á helstu minjum. Að auki eru merkt inn rannsóknasvæðin sumarið 2004. Leitað var til staðkunnugra til að segja til um hlutverk einstakra rústa. Þar voru helstir Skúli Alexandersson frá Kjós, Valgeir Benediktsson

¹⁵ Páll Línadal 1983, 378

¹⁶ Torfi Guðbrandsson 1970, 53

¹⁷ Páll Línadal 1982, 379

í Árnosi og Þórður Magnússon frá Veiðileysu. Er hér með komið á framfæri kærum þökkum til þeirra fyrir aðstoðina.



Kúvíkur. Uppdráttur byggður á vettvangsathugun og loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Skýringar með teikningu

- a. Verslunarhús Jakobs Thorarensens
- b. Fjós með íbúð á lofti. Hænsnakofi er sambyggður austurhlíð.
- c. Íbúðarhús Jakobs Thorarensens
- d. Öskuhaugur
- e. Fjánhús
- f. Garðlag
- g. Naust
- h. Smiðja
- i. Fjánhús
- j. Lifrabræðslupottur
- k. Bræðslugarður
- l. Gíslhús
- m. Fjánhús
- n. Túngarður
- o. Útihús – líkast til fyrir fé
- p. Útihús – hugsanlega hesthús
- q. Traðir
- r. Óþekkt tóft – kálgarður?
- s. Óþekkt tóft
- t. Grunnur undan íbúðarhúsi Carls Jensens
- u. Hænsnakofi
- v. Garðlag
- x. Fjánhús
- y. Tóft
- z. Leifar sláturhúss
- þ. Steinn með áletrun

I.-IV eru allt svæði með beðasléttum

III. Rannsóknir 2004

III.1 Skurður I

Öskuhaugurinn, sem rannsóknin snerist um, er skammt norðan við rústasvæðið mitt, á austurbakka lækjar sem rennur um það þvert, til sjávar. Þar var helsta athafnasvæði Kúvíkinga og er rúst undan verslunarhúsi Jakobs Thorarensens fast norðaustan við hauginn en fjósruíst skammt sunnar. Virðist líklegt að úrgangur hafi verið borinn í hauginn út um bakdyr verslunarhússins og fram á lækjabakkann. Eru þetta einu sjáanlegu merkin um öskuhaug á svæðinu en án efa hefur úrgangur einnig verið borinn niður á bryggjuna og kastað í sjóinn. Þar í fjörunni fannst töluvert af slípuðum glerbrotum og brotum úr alls kyns leirtaui sem sjórinn hefur slípað til í árána rás en annar úrgangur er þar vitanlega gereyddur.

Í upphafi rannsóknar var öskuhaugurinn myndaður, mældur upp og teiknaður. Hann reyndist alls 11 m langur frá norðri til suðurs og mest 7,5 m breiður syðst en mjókkar heldur til norðurs og er þar um 6 m breiður. Hóllinn er sporöskjulaga og mjög kúptur, þannig langhæstur í miðju en lækkar til hliðanna. Því var vel ljóst að þykkustu mannvistarlaganna væri að vænta í miðju haugsins. Öll vesturhlið




Öskuhaugurinn fyrir uppgröft, horft í suðaustur

hans er rofin svo að ber mannvistarlögin blasa þar við í sniði. Rofið reyndist alls rúmum 7 m að lengd og mesta hæð þess var á bilinu 70-90 cm. Þegar flag neðan við rofið, nær læknum, var hreinsað upp á yfirborði kom í ljós að þar voru enn mannvistarlög svo að ekki hafði nema efri hluti haugsins horfið í rofið. Því mátti vænta þess að hann væri dýpri en yfirborðsummerki bentu til. Í rofinu sáust nær eingöngu móöskulög en með blönduðu efni þó, t.d. smákoláröndum og gráleitum deplum, líklega viðarösku.

Afráðið var að grafa skurð þvert í gegnum hauginn miðjan frá austri til vesturs, allt fram á lækjarbakkann, til að fá sem besta mynd af samsetningu laga í honum, þykkt þeirra og varðveislu gripa sem þar kynnu að vera. Skurðurinn var alls 5,8 m langur, 1 m breiður og þegar yfir lauk var dýpt hans orðin rúmum 2 m.

lag	lýsing
001-003	Ljósbleikbrúnt, gróft móöskulag, blandað steinkolum (30%), brenndum beinum (1-2%), gjalli (5%) og smásteinum.
004-011	Móaska (90%).
012	Gróft, dökkleitt lag m/ steinkolum, líkt 001.
013	Rauð móaska sem situr ofan á steinum í 014.
014=107	Dökkbrúnt, einsleitt og torfkennt lag – í því eru steinar og viður.
015	Ljósgrábrúnt, fingert lag með ýmisskonar blettum.
016	Ljósgrábrúnt, móöskublandað lag.
017	Mjög blönduð móaska með rauðleitum, torfkenndum flekkjum.
018	Líkt 017 en hreinni móaska.
019	Mjög þétt og þjöppuð ruslalög milli tveggja bita.
020	Dökk- og ljósbrúnt lag, mjög torfkennt, innlyksur engar.
021 = 110	Mjög torfkennt, dökkbrúnt lag, þétt í sér, innlyksur engar.
022	Dökkbrúnt, mjög þétt, leirkennt lag með örsmáum viðarbútum í. Yfir því er 0,5 cm þykk, hörð járnútfelling.
023	Svarbrúnt, lífrænt, mjög torfkennt lag. Örpunnar viðarflögur sjást hér og þar. Brennisteinslykt.
024	Líkt 023 en gráleitara. Brennisteinslykt.
025	Blautt, leirkennt, lífrænt lag, blágrátt og jafnvel grænleitt. Brennisteinslykt.
026	Stórflekkótt lag, ljós- og dökkbrúnt, þétt í sér. Járnútfelling er yfir því að hluta.
100	Þjappað yfirborð.
101	Þjappað yfirborðslag eftir kindur, samanstandur að mestu úr taði.
102	Gulleitt, blandað móöskulag með kolaflekkjum (ca. 20%).
103	Millibrúnt lag, fremur laust í sér. Í því eru smásteinar (um 2%).
104	Millibrúnt lag, þétt í sér. Í því sjást smáflekkir af viðarkoli og hvítu efni, líklega viðarösku.
105a	Mjög blandað lag, fremur þétt í sér.
105b	Brúnleitt lag, líkt 103.
106	Gulbleikt, mjög blandað móöskulag.
107	sjá 014.
108	Mjúkt, gráleitt lag með stórum flekkjum af bleikri móösku og kolainnlyksum (2-5%).
109	sjá 016-18.
110	sjá 021.



Snið í skurði 1. Rómversku tölurnar lengst til vinstri tákna notkunarskeið.

Í meginatriðum má skipta lögum í haugnum í fjögur notkunar- eða tímasteið. Hér á eftir er elstu lögnum lýst fyrst en síðan haldið upp eftir haugnum eftir því sem nær dregur í tíma. Rómversku tölurnar vísa í samsvarandi númer vinstra megin á sniðteikningunni.

- I. Allra neðst eru fimm aðgreinanleg lög [022-026] sem eru greinilega ekki ruslalög heldur yfirborðslög af einhverju tagi, einsleit og mjög þétt í sér og nær alveg laus við ösku, bein og annan úrgang. Skurðurinn leiddi þó ekki í ljós hvort þau hafa verið inni í mannvirki eða húsi, enda ekki nema 1 m breiður. Í suðurenda skurðar var þétt grjóthrúga í dökkbrúnum jarðvegi sem gerði erfitt fyrir að greina á milli laga á því svæði. Hrúgan hafði ekki skýra lögum en hún gæti hugsanlega verið hrun úr hleðslu eða vegg. Öll lögin á þessu bili enda nyrst við brún þar sem tekur við aflíðandi halli niður að læknum og bendir það til að þau hafi myndast í tengslum við einhverja iðju þar uppi á jafnsléttu en ekki fast við lækinn. Hafi lögin myndast innan veggja í mannvirki hefur það líkast til verið útihús af einhverju tagi, líklega skepnuhús, enda bendir ekkert til að eldur hafi verið kyntur þar og að auki komu fáir gripir þar í ljós. Til að kanna frekar eðli þessara mannvistarleifa væri nauðsynlegt að stækka skurðinn, bæði í suður, austur og vestur. Töluvert fannst af gripum í þessum lögum og bíða þeir nánari greiningar en meðal þeirra var keramikbrot úr rauðum jarðleir sem er erfitt að aldursgreina nákvæmlega. Það er þó klárlega frá tímabilinu frá sautjándu öld fram á fyrri hluta þeirrar átjándu.
- II. Næsta notkunarstig er nokkuð frábrugðið því fyrsta. Í því eru nokkur lög [016-018 = 109, 020, 021]. Þau tvö lög sem sitja uppi á brúninni syðst í skurðinum [020-021] eru brún, ýmist ljós eða dökk, og býsna einsleit og torfkennd. Norðan við brúnina, þegar komið er niður í hallann, eru hins vegar blönduð móöskulög [016-018 = 109], laus í sér og bendir það til að þau hafi runnið niður brekkuna en ekki verið troðin að ráði.
- III. Næstyngsta stigið samanstendur af mörgum lögum. [012, 014=107, 015, 019, 100, 101, 102, 103, 104, 105a, 105b, 106, 108]. Sem fyrr eru þau þéttari uppi á jafnsléttu og hafa greinilega þjappast saman þar, að mestu leyti brún og fremur einsleit. Norðar, í hallanum, eru hins vegar mjög blönduð öskulög og er þar móaska yfirgnæfandi en þó sést einnig gráleitur jarðvegur og nokkuð af kolum í lagi 014. Syðst í skurðinum hefur á einhverju stigi verið gerð lítil gryfja ofan í lög 014 og 015. Hún er þrengst í botni, tæpir 25 cm, en víkkar upp á við og er þar hátt

í 35 cm í þvermál. Dýpt gryfjunnar er 12-13 cm. Í botni hennar fundust fjórar fjalir úr rekavið, vel varðveittar. Þær virðast hafa verið lagðar í botninn næstum eins þétt og kostur hefur verið á og liggja samsíða frá norðvestri til suðausturs.



Rekaviður í sniði, horft í suðvestur

Allar fjalirnar eru flatar og hver um sig á bilinu 8-10 cm breið. Þær hverfa inn í vestursnið skurðarins og var því ekki hægt að skoða þær frekar. Austurendi flestra fjalanna var brotinn en í þremur þeirra sáust naglar sem mynduðu beina línu frá norðvestri til suðausturs. Naglarnir benda til að fjalirnar hafi verið partur af hlut úr timbri sem hefur verið í gryfjunni í heilu lagi. Mætti einna helst giska á að það hafi verið botn úr ílátí, einhvers konar sár eða lítil tunna. Þegar ílátíð hefur verið fjarlægð hefur gryfjan fyllst eða verið fyllt upp með ruslalögum [019] – að líkindum síðartaldi kosturinn því að lögin í gryfjunni eru þéttari en í kring og engu líkara en þeim hafi verið þjappað saman.

- IV. Yngsta skeið öskuhaugsins er langeinsleitast og mynda þau lög að mestu leyti bunguna sem er sjáanleg á yfirborði nú. Langmestur hluti þeirra laga sem horfið hafa í rofið hefur tilheyrt þessu yngsta stigi. Það samanstendur að mestu úr móösku en þó var töluvert af steinkolum í allra efstu lögunum. Á þeim grunni var lögunum skipt í tvennt í meginatriðum við uppgröft, annars vegar [001-003] og hins vegar [004-011]. Síðan voru fjarlægðir um 10 cm í senn og hlaut hver eining sitt númer til að auðveldara væri að staðsetja gripi samkvæmt því. Þrátt fyrir einsleitni má af sniðinu sjá að haugurinn hefur myndast við síendurtekna losun úrgangs, að langmestu leyti móösku. Hún er mjög hrein og lítt blönduð öðrum tegundum ösku eða brenndum beinum. Þá fundust fremur fáir gripir í þessum hluta haugsins, aðallega járnaglar. Þetta bendir til að öskunni gæti hafa verið mokað frá stöðum þar sem ekki fór fram brennsla til upphitunar húsa, enda hefði þar verið tilvalið að kasta ýmsum öðrum úrgangi á eldinn. Hugsanlega hefur askan komið frá bræðslu, enda var hákarlalifur brædd í stórum stíl á staðnum. Í lýsingu Ingimundar Grímssonar frá *Veidileysu* (f. 1899) kemur fram að á

Kúvíkum hafi verið bræðsluskúr með þremur lifrarpottum.¹⁸ Ekki er víst að mór hafi endilega hentað betur en annar eldiviður til lifrarbræðslu en þess má þó geta að í sóknarlýsingu Hvanneyrarsóknar er þess sérstaklega getið að þar þurfi mjög á mótorfi að halda til lifrarbræðslu,¹⁹ en stórfelld hákarlaútgerð var frá Siglunesi. Mór var nærtækasta eldsneytið á Kúvíkum og enn sjást miklar mógrafir, t.d. í Torfdal og Djúpulág. Þótt menn hafi sýnilega einnig verið að brenna kolum hefur það verið í mun minna magni. Þess má að lokum geta að í riti Hjálmars Bárðarsonar er ljósmynd, tekin skammt utan við Kúvíkur skömmu fyrir seinna stríð eða í júní árið 1939. Á henni sjást miklir móhraukar, sjö eða átta talsins. Þetta sýnir að mór hefur verið mikilvægt eldsneyti á staðnum jafnvel áður en eldsneytisskorts varð vart vegna styrjaldarinnar.

Öskuhaugurinn virðist, a.m.k. undir það síðasta, einkum hafa verið notaður til að safna saman ösku en öðru sorpi verið kastað annarsstaðar. Þar sem enginn annar öskuhaugur er sjáanlegur á yfirborði má giska á að því hafi verið kastað niður í fjöruna og sjórinn látinn sjá um



Skurður I að grefti loknum, horft í norður

hreinsunina. Hugsast getur að öskunni hafi verið safnað sérstaklega til að nota í áburð á tún, en hvers kyns aska þótti henta vel til áburðar og móaska sérstaklega vel þar sem var fremur votlent.²⁰ Þar sem ræktun og jarðabætur virðast hafa verið með allra mesta móti á Kúvíkum þótti vert að kanna hvort sú hefði verið raunin. Borað var með jarðvegsbor á nokkrum stöðum í beðasléttunum sem eru næst öskuhaugnum en ekki fundust þar móöskudreifar. Þar sem beðin eru kúpt rennur vel frá þeim og ekki útilokað að áburður skolist burt í tímans rás.

¹⁸ Torfi Guðbrandsson 1970, 54

¹⁹ Sýslu- og sóknarlýsingar, 47


²⁰ „Fyrsta búskapar hugvekja“, bls. 90 *Klausturpósturinn* 1, Magnús Stephensen gaf út. Beitistöðum.

III.2 Skurður II

Jafnhliða uppgrefti í öskuhaugnum var borað á nokkrum stöðum í námunda við rústir verslunarhúsanna til að reyna að staðsetja eldri minjar. Mestar líkur þóttu til að þær væri að finna á þessu svæði, enda er besta lendingin og mest aðdýpi þar beint fyrir neðan. Um 2 m austan við íbúðarhús Jakobs Thorarensens (tóft C) komu í ljós ruslalög og torf í borkjarna og var afráðið að grafa þar annan könnunarskurð. Engar mannvirkjaleifar voru sjáanlegar á yfirborði og raunar virðist sem svæðið hafi verið sléttað. Skurðurinn var T-laga, 2,85 m langur og mest 1,35 m breiður. Efst í honum var torfblandaður jarðvegur, líklega hrun úr veggjum eða þaki [202, 203, 205] en þar undir dökkt lag sem minnti nokkuð á yfirborð eða gólf [206]. Ofan á það hafði verið lagt torf á svæði sem var um 95 x 70 cm stórt og sneri austur-vestur og þar ofan á var nokkuð regluleg, einföld hleðsla úr sjö flötum hellum og sýnist sem sléttar brúnir hellnanna hafi verið láttnar snúa út á við. Þessi hleðsla gæti verið e.k. botn eða grunnhleðsla sem eitthvað annað hefur verið látið standa á. Þegar þessi hleðsla hafði verið fjarlægð kom í ljós þunnt lag af jarðvegi en undir því var önnur hellulögn sem helst minnir á stétt. Hún liggur í lagi af mjög fíngerðri mól sem enginn



Hleðslur í skurði II við lok uppgrافتar, horft í austur




Snið í skurði II, norðurhlið


jarðvegur sést í og hlýtur að vera náttúrulegur sjávarkambur. Í stéttinni eru hellur sem eru afar þunnar og hefur þeim tæpast verið ætlað að bera mikinn þunga, síst af öllu þar sem undirlagið, mölin, er lítt eftirgefanleg og dregur því ekki úr álagi á hellurnar. Beggja megin við stéttina í skurðinum sjást allmiklar torfhleðslur með stórum steinum í. Mölin fer klárlega undir þessar hleðslur og verður að teljast líklegt að þær séu veggjahlutar þótt ekki fengist það staðfest í svo litlum skurði. Til að kanna það nánar þyrfti að stækka hann til allra átta. Hrun sem sést í vestanverðum skurðinum [208] virðist ekki geta verið úr hinum meintu veggjum heldur hlýtur að hafa komið úr vegg sem hefur staðið enn vestar.

Skurðurinn sýnir svo ekki verður um villst að minjar geta víða leynst undir yfirborði á Kúvíkum. Ekki er þó á þessu stigi hægt að segja neitt um hvers konar mannvirki hefur verið á staðnum, til þess er gröfturinn of takmarkaður. Á hinn bóginn er ljóst að það getur ekki hafa tilheyrt yngstu byggðinni, þ.e. þeirri sem fór í eyði á 5. áratug 20. aldar. Elstu gripir sem fundust í þessum skurði eru frá fyrri hluta 19. aldar.

lag	lýsing
201	Grasrótarlág.
202	Torfhrun: Mjúkt, millibrúnt lag, blandað rauðum og appelsínugulum deplum.
203	Dökkbrúnt, trefjaríkt lag, gæti verið þaktorf?.
204	Ljósgrátt.
205	Rauðbrúnt lag (torfhrun?), þétt í sér. Smásteinar og múrsteinabrot (2-5%).
206	Dökkgrábrúnt lag, mjög blandað. Gæti verið yfirborðslag?.
207	Grængrátt lag, þétt í sér, nokkuð blandað.
208	Grjóthleðsla.
209	Mjúkt millibrúnt lag.
210	Mjög dökkt, stökkt lag með viðarkolaleifum.
211	Mjúkt, appelsínubrúnt lag.
212	Rauðbrúnt lag með örlitlum múrsteinabrotum .
213	Torfhleðsla með grjóti.
214	Torf. Í því sitja múrsteinar og múrsteinsbrot.
215	Torfhleðsla.
216	Flatt og þunnt hellugrjót.
217	Fínt malarlag, náttúrulegt.
218	Torfhleðsla með grjóti.



Flatarteikning af skurði II



Flatarteikning af skurði II við lok uppgrافتar

IV. The Finds

Gavin Lucas & Lilja Björk Pálsdóttir

A fairly large assemblage of finds came from the limited excavation, mostly from the main midden trench (see summary in Table 1). The finds were recorded according to context and then divided by material type and object type, and assigned a finds number, which is marked in red within arrow brackets (e.g. <245>). Weight and fragment/item count were recorded for all finds, except animal bone, which was just weighed. The finds are discussed below by material categories, and represent only a summary; a more detailed report is in preparation.

Organic

Animal bones – both fish and mammal from food processing and consumption – accounted for the larger part of the organic remains. In total, c. 2.4kg of bone was recovered. There was also some marine shell, mostly mussel shell. Wood was present as structural material in the main trench (but not removed), but otherwise there was only one wooden artefact, a button. In addition there were scraps of textile and a leather shoe sole.

Metal

By far most of the metal objects were in iron and in terms of numbers, nails by far accounted for most of the iron finds. However, there were also a substantial number of fragments from tin cans, and various other artefacts including buttons, buckles, a fork, spoon, glass-tipped pin, padlock and pocket knife as well as other structural ironwork. Copper alloy objects were fewer and including buttons, a gun cartridge, part of a kerosene lamp and also some wire. There were finally also some lead objects including shot, a repair rivet and two seals, one stamped “Reykjavik” with the postal service logo on the other side. This was probably used to seal a bundle of post/packages.



Post seal, lead

Glass

There was a fairly large group of glass finds, most of it either window glass or tubular lamp

glass from kerosene lamps. There were however a few vessels, mostly beverage bottles, but also some medicine and other phials, fragments from a mirror and glass buttons.

Ceramic

Most of the ceramic material was pottery – and most of this, industrial whitewares and porcelains, probably from Britain, but also some Japanese porcelain was identified. Most of the vessels were decorated, and generally comprised plates, cups, saucers and bowls. Some earlier coarse glazed earthenwares were found, especially as the base of the main midden. As well as pottery, there was some structural ceramic material, fragments of bricks and roof tiles, and also a few clay pipes. One bowl was marked but remains to be identified.



Stone

Stone objects were rare, and generally comprised fragments of whetstones. Otherwise there was some mineral coal, probably unburnt fuel residues.

Other

There was a fairly sizable amount of slag, from the main midden – this may not be metallurgical waste however but flyash, the by-product of any high temperature oven, and could be associated with the processing of fish oil. There were also a few plastic items, and quite a large number of batteries and especially graphite cores from batteries.

	<i>Trench 1</i>	<i>Trench 2</i>	Total
Organic			
Animal Bone	(2418g)	-	(2418g)
Shell	(34g)	-	(34g)
Twig	2	-	2
Wood button	1	-	1
Textile	6	-	6
Leather	1	-	1
Metal			
Iron Nails	560	5	565
Other structural ironwork	30	-	30
Tin Can	38	-	38
Iron Artefacts	11	-	11
Other/Unid. Iron	140	6	146

Copper alloy artefacts	22	-	22
Lead artefacts	5	-	5
Glass			
Window	112	7	119
Lamp	147	-	147
Vessel	22	16	38
Other/Unid.	135	4	139
Ceramic			
Pottery	661	11	672
Brick	29	36	65
Tile	25	41	66
Clay pipe	9	8	17
Stone & Mineral			
Whetstone	5	-	5
Unid.	2	2	4
Coal	11	1	12
Other			
Slag	90	3	93
Battery	48	-	48
Plastic	8	-	8
Total	2120	140	2260

Table 1. Summary of Finds (by count)

V. Niðurstöður

Skurður 1 í öskuhaug leiddi í ljós allt að 2 m þykk mannvistarlæg. Lífræn efni og bein í þeim voru vel varðveitt allt niður í elstu lög sem gætu verið allt frá 17. eða 18. öld af gripum að dæma. Ljóst er að mannvirki af einhverju tagi hefur verið á lækjarbakkanum í upphafi, líkast til skepnuhús eða útihús af einhverju tagi þótt erfitt sé að staðfesta það að svo komnu máli. Þegar mannvirkið féll úr notkun tóku menn að henda þangað rusli og ösku og virðist sú losun hafa staðið linnulítið allt til loka búsetu á staðnum, þ.e. framundir 1950. Algengt er að örlög bygginga sem falla í rúst séu þau að verða ruslakistur. Hluti sorps og ösku hefur greinilega runnið niður í lækinn og eflaust borist með honum til sjávar. Það gæti skýrt glerbrot og brot úr leir sem finnast í fjörunni en einnig er líklegt að sorp hafi verið losað þar. Ljóst er að töluvert mikið hefur verið borið af ösku í hauginn á síðasta skeiði, ekki síst ef litið er til þess að askan er að líkindum aðeins úr þeim húsum sem næst haugnum standa en þau eru verslunar- og íbúðarhús Jakobs Thorarensens auk fjóss og hlöðu en búið var á lofti yfir fjósinu um skeið snemma á 20. öld. Þrátt fyrir að mannmargt hafi verið á Kúvíkum í lok 19. aldar og upphafi þeirrar 20. eru litlar líkur á að úrgangur hafi verið borinn í hauginn úr íbúðarhúsum sem stóðu austar, á svæði því sem nefnt var „Á hlaðinu“. Það er mögulegt að hluti móöskunnar, sem skipar stærstan sess í efstu lögum haugsins, tengist ekki eingöngu upphitun húsa heldur iðnaði, s.s. bræðslu á hákarlalifur. Gert var út á hákarl frá staðnum fram á 20. öld. Þá er vel hugsanlegt að markviss söfnun öskunnar á svo afmarkaðan stað tengist því að það hafi átt að nota hana í áburð, enda hafa bera ummerki um jarðabætur á Kúvíkum þess vott að þær hafi verið stórfelldari en á nokkru öðru býli í Árneshreppi.

Í skurði 2 fundust greinileg mannvistarlæg sem eru áreiðanlega ekki frá síðasta skeiði búsetu á Kúvíkum, enda sáust alls engin merki um mannvirki á yfirborði. Elstu gripir í skurðinum eru frá fyrri hluta 19. aldar. Í skurðinum fundust torfhleðslur, hugsanlega leifar veggja, og milli þeirra leifar af þéttu yfirborðslagi sem gæti verið gólflag. Undir því voru leifar af lítilli stétt sem hvíldi í náttúrulegu malarlagi. Ekki er ljóst hvaða hlutverki stéttin eða mannvirkið hafa gegnt en út frá gripum sem í því fundust má draga þá ályktun að það hafi verið í notkun snemma á 19. öld. Nánari rannsóknar væri þörf til að skera úr um hlutverk og gerð þessa mannvirkis.

Með uppgreftinum hefur tekist að staðsetja tvö mannvirki sem eru greinilega ekki frá yngsta skeiði búsetu á Kúvíkum. Til að skera endanlega úr um hlutverk þeirra þyrfti hins

vegar að fara fram ítarlegri uppgröftur.

Allgott gripasafn fékkst úr könnunarskurðunum, einkum úr skurði I í öskuhauginn. Alls reyndust gripir rúmlega 2000 talsins og er varðveisla lífrænna efna með ágætum. Mjög fáir gripanna eru frá því fyrir 1850 og vekur það upp spurningar um hvort eldri öskuhaugur sé annarsstaðar eða hugsanlega hvort skjótt vaxandi öskuhaugur eftir 1850 sé til marks um aukin umsvif og velmegun á staðnum. Til að gera góða grein fyrir gripasafni úr öskuhaugnum og átta sig á hvað það segir um hag íbúa á Kúvíkum þyrfti samanburðarefni, þ.e. fleiri samstæð gripasöfn frá sama tíma. Þau eru ekki tiltæk, utan gripa sem fundist hafa í yngstu mannvistarlögum á Hólum og í Skálholti en í báðum tilvikum eru þau mjög illa farin vegna sléttunar. Fáir uppgreftir hafa miðast við að rannsaka mannvirki frá því síðla á 19. öld og upphafi þeirrar 20. Ef samanburður við annað gripasafn væri mögulegur mætti gera betur grein fyrir því hvort gripirnir frá Kúvíkum endurspeglar hlutverk staðarins sem verslunarstaðar og miðstöðvar innflutnings eða hvort safnið líkist meira því sem vænta mætti hjá vel stæðum heimilum í lok 19. aldar og fram á þá 20.

Ljóst er að væri haugurinn allur grafinn upp fengist mun stærra og heildstæðara gripasafn en það sem kom upp við gröftinn sumarið 2004. Að auki mætti skoða betur mannvirkið sem er undir haugnum, hið elsta sem þekkt er með vissu á rústasvæðinu nú. Til að svo mætti verða er þó nauðsynlegt að reyna að stöðva frekari skemmdir á haugnum af völdum rofs. Reyna mætti að fylla upp í rofið með jarðvegi en til að sú viðgerð héldist þyrfti einnig að koma í veg fyrir að jarðvegur rynni niður brekkuna, að læknum sem vex á vorin eins og lækja er siður og ber þá væntanlega með sér lausan jarðveg. Þá gæti hjálpað mikið að girða hauginn af svo að kindur hætti að híma þar undir meðan vesturhlið haugsins er að gróa upp. Það er Fornleifaverndar ríkisins að taka ákvörðun um aðgerðir til verndar öskuhaugnum.

Heimildaskrá

„Fyrsta búskapar hugvekja.“ *Klausturpósturinn* 1, Magnús Stephensen gaf út. Beitistöðum.

Haukur Jóhannesson. 2001. *Stundir á Ströndum*. Ferðafélag Íslands.

Hjálmar Bárðarson. 1993. *Vestfirðir í máli og myndum*. Reykjavík.

Hörður Ágústsson. 1998. *Íslensk byggingararfleifð I. Ágrip af húsagerðarsögu 1750-1940*.
Húsafriðunarnefnd ríkisins

Jóhannes Jónsson. „Borðeyrarverzlun.“ *Strandapósturinn* III, bls. 36-68.

Jón Aðils. 1971. *Einokunarverzlun Dana á Íslandi 1602-1787*. 2. útgáfa. Heimskringla,
Reykjavík.

Loftmynd af Kúvíkum frá Loftmyndum ehf.

Páll Líndal. 1982. *Bæirnir byggjast*. Skipulagsstjóri ríkisins og Sögufélag, Reykjavík.

Sóknalýsingar Vestfjarða II. Ísafjarðar- og Strandasýslur. 1952. Samband vestfirzakra
átthagafélaga, Reykjavík.

Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags. 1972. Eyfyrsk fræði III. Sögufélag
Eyfirðinga.

Torfi Guðbrandsson. 1970. „Dagstund hjá Ingimundi.“ *Strandapósturinn* 4, bls. 50-62.

Örnefnalýsing Kúvíkna, Guðrún S. Magnúsdóttir skráði eftirínu Jensen 22. janúar 1980.
Örnefnastofnun Íslands.